Nr. 6.
28.
júní.

# Hafnarreglugjörð

fyrir

Ísafjarðar kaupstað.

Stjórnarráð Íslands hefur 28. júní 1887 gefið út svofellda hafnarreglugjörð fyrir Ísafjarðar kaupstað.

## I. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatals, hvort sem þau eru vörum fermd, með seglfestu eða tóm, skal greiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins í hvert sinn, er þau leggjast á höfninni eptir að þau hafa komið frá Danmörk eða útlöndum, eða, ef um skip ræðir, er fara aðeins millum hafna á Íslandi, þá, er þau í fyrsta sinni á árinu varpa akkerum á höfninni; og rennur gjald þetta einsog önnur þau gjöld, er ræðir um í reglugjörð þessari, í hafnarsjóð Ísafjarðar. Er skip fermir eða affermir á höfninni, skal enn fremur gjalda 10 aura af hverri smálest.

Af skipum, er hafna sig optar en einu sinni á árinu á Ísafjarðarhöfn, greiðast gjöld þessi eigi að fullu nema hið fyrsta skiptið, en aðeins með 3/4 hin önnur skiptin.

Framangreind gjöld skal þá greiða, er skipið legst fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá hinum svonefndu Innri-Básum á Kirkjubólshlíð í svokallaðan Urtustein á Eyrarhlíð. Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísreks sakir, storma eða því um líks.

## II. Aukagjald.

Auk þeirra gjalda, er þegar eru talin, skal ennfremur greiða:

1. 2 aura um daginn af hverri smálest í skipi, er lagt hefur verið upp á Ísafjarðar fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, og
2. 2 aura af hverri smálest skips, er tekur eða kastar út seglfestu í landi kaupstaðarins.

## III. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin eru hafnargjaldi:

1. öll herskip og skemmtiskip, hverrar þjóðar sem eru,
2. öll skip danskra þegna, sem að fiskiveiðum eru undir ströndum Íslands, ef þau afferma ekki nje ferma annað en það, er afla þeirra og útgjörð snertir, og
3. skip, er leita hafnar vegna sjóskemmda, enda þótt farmur þeirra hafi úr þeim verið fluttur, ef þau aptur flytja burt farminn allan og eigi annað.

# Havnereglement

Nr. 6.
28de
Juni.

## for

## Isafjords Kjøbstad.

Ministeriet for Island har under 28de Juni 1887 anordnet følgende Havnereglement for Isafjord Kjøbstad.

### I. Havnepenge.

Af alle Fartøjer (med de nedenfor anførte Undtagelser), som ere ansatte til Drægtighed, hvad enten de ere bestuvede med Gods, ballastede eller tomme, betales i Havneafgift af den fulde Drægtighed, hver Gang de ankre op paa Havnen efter at være ankomne fra Danmark eller Udlandet, eller for de Skibes Vedkommende, der kun sejle mellem islandske Havne, første Gang de i Aaret ankre op paa Havnen, 5 Øre for hver Ton, der ligesom de øvrige i dette Reglement ommeldte Afgifter tilfalde Isafjord Havnekasse. Naar Fartøjet enten lader eller losser paa Havnen, betales der endvidere for hver Ton 10 Øre.

Naar et Skib flere Gange i samme Aar ankrer op paa Isafjord Havn, erlægges disse Afgifter kun den første Gang i dette Aar med deres fulde Beløb, hvorimod der for de øvrige Gange kun erlægges $^3/_4$ af Afgifternes Beløb.

De ovenanførte Afgifter erlægges, naar Skibet ankrer indenfor en Linie, der tænkes dragen fra de saakaldte Innri-Basar paa Kirkjubolshlid til saakaldet Urtusteinn paa Eyrarhlid. Afgiften erlægges ogsaa af Fartøjer, som søge Havn paa Grund af Isdrift, Storm eller deslige.

### II. Tillægsafgift.

Foruden de anførte Afgifter betales endvidere:

1) naar et Skib oplægges paa Isafjord Strand for at renses eller repareres, 2 Øre daglig for hver Ton, og
2) naar et Skib paa Kjøbstadens Grund indtager eller udlosser Ballast, 2 Øre for hver Ton.

### III. Fritagelse for Havneafgift

Fritagne for Havneafgift ere:

1) alle Orlogsskibe og Lystfartøjer, til hvilken Nation de end høre,
2) alle danske Undersaatter tilhørende Fartøjer, som gaa paa Fiskeri under Islands Kyster, for saa vidt de hverken losse eller lade andet, end hvad der vedrører deres Fangst og Udrustning, samt
3) Fartøjer, der søge Havn formedelst Søskade, selv om deres Ladning maatte have været oplosset, hvis de igjen udføre hele den indbragte Ladning og ikke andet.

Nr. 6.
28.
júní.

IV. Seglfesta.

Seglfestu má eigi taka í landi bæjarins annarstaðar en þar, er lögreglustjóri leyfir. Eigi má kasta út seglfestu á höfninni nje flytja á land bæjarins, nema lögreglustjóri leyfi.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. oktbr. þ. á., og skal endurskoða hana fyrir 1. júlí 1892.

*Í stjórnarráði Íslands, 28. júní 1887.*

***J. Nellemann.***

*A. Dybdal.*

## IV. Ballast.

Ballast maa ikke tages paa Byens Grund undtagen paa de Steder, som Politimesteren dertil anviser.

Ballast maa ikke udkastes paa Havnen og heller ikke oplægges paa Byens Grund uden Politimesterens Samtykke.

Nærværende Reglement træder i Kraft den 1ste Oktober d. A., og bliver at undergive en Revision inden 1ste Juli 1892.

**Ministeriet for Island, den 28de Juni 1887.**

***J. Nellemann.***

*A. Dybdal.*



**(Optrykt Side).**